Náttúruf mynda- flug í leir- munum

listasprang

Eftir Arna Johnsen




Steinunn Marteinsdóttir leirkera- smiður sýnir í Kjarvalsstöðum

STEINUNN Marteinsdóttir leirkerasmiður, sem nú heldur yfirgripsmikla sýningu á verkum sínum í Kjarvalsstöðum er fædd í Reykjavík 1936, dóttir Kristínar Bjarnadóttur bókavarðar og Marteins Guðmundssonar myndhöggvara. Hún brautskráðist úr MR 1955, nam við Handíða- og myndlistarskóla Íslands 1956—1957, síðan við Hochshule fur Bildende Kunst í Vestur Berlín frá '57—'60 með leirkerasmíði sem aðalfag. Hjá Glit vann hún í ár eftir að hún kom heim, en síðan setti hún upp eigið leirkeraverkstæði, sem hún rak í 5 ár og á þeim árum tók hún þátt í samsýningum innan lands og utan. Á árunum '67—'73 rak Steinunn fjölmenn námskeið í leirkerasmíði fyrir almenning, en síðan hefur hún unnið að mestu að þessari sýningu.

„Þetta eru keramikhlutir allt frá 1960, rétt eftir að ég kom heim frá námi," sagði Steinunn Marteinsdóttir þegar við röbbuðum við hana heima í Hulduhólum um sýningu hennar í Kjarvalsstöðum þar sem hún sýnir á 5. hundrað verka, flest frá þremur síðustu árum.

„Mér fannst ég þurfa að taka nokkur sýnishorn með frá því ég rak keramikverkstæði og seldi," hélt Steinunn áfram," rétt til þess að sýna þróunina, sýna hvað maður er orðinn hundgamall í faginu, að maður stekkur ekki út í heiminn í einu skoti. Ég hætti keramik framleiðslu fyrir markað 1967 og byrjaði þá að halda námskeið, en síðan hef ég ekki selt hluti og ekki látið neitt frá mér. Á námskeiðunum var ég þó alltaf með puttana í þessu meira og minna, en síðan í ársbyrjun 1974 hef ég eingöngu unnið að þessari sýningu og á henni eru um 440 verk með þeim 19 teikningum sem eru á sýningunni. Felstar teikninganna eru unnar með tilliti til leirverkanna. Eins gerði ég það að gamni mínu að taka nokkrar teikningar, sem



Stór leirvasi með formum, sem listamaðurinn sækir í gömlu góðu Esjuna.

og hug-

eiga svolítið við það sem ég er að gera í dag. Eitthvað sem ég hef verið með í huga og sýnir ef til vill aðdragnadann að þessu sem *nú* liggur fyrir eða hvað maður á að kalla það. Stór hluti af verkunum eru frá síðasta ári og það sem af er þessu, en einnig er töluvert frá '71, '72, '73, eða síðan ég fluttist hingað. Megnið er því unnið hér í Hulduhólum"

Á sýningu Steinunnar eru vasar, veggskildir, myndir, veggskildir fyrir kertalog, blómapottar, smávegis af hlutum til heimilisnota, en flest er þó beinlínis listgripir.

Steinunn vinnur verk sín í leir út frá náttúrufyrirbærum og einnig út frá eigin hugmyndum, sumt er leikur að efni og oft spinnast inn í bein áhrif frá náttúrufyrirbrigðum. Í vösum hennar, sem eru margir með því stærsta sem unnt er að gera með hinni árþúsunda gömlu leirkeratækni, eru form fjalla og annars landslags á Íslandi og ósjaldan eru t.d. Esjan og Snæfellsjökull yrkisefni hennar. Í málverkum, höggmyndum og jafnvel húsagerð á Íslandi eru ósjaldan áhrif frá íslenzkum fjöllum, og með listmunum sínum ryður Steinunn braut nýrri stefnu í íslenzkri list með sérstæðri leirvinnu sinni. Á sýningunni eru m.a. 9 stef um Snæfellsjökul, vasi sem varð til eftir göngu að fossinum Glym í botni Hvalfjarðar, en í vasanum hrislast fossar í veggjum. Gipsportrett sýnir Steinunn, marga hluti með fígúratívum fyrirmyndum, bæði í vösum og öðrum hlutum, oft skrýtin andlit, blóm, þang eða form sem minna á leik vinds og vatns að föstu efni.


„Tæknin, sem þessi leirvinnsla byggist á," sagði Steinunn, „á sér hefð alla leið aftur í steinöld, bæði hvað snertir pottformið og tæknina. Þessi verk á sýningunni eru þó unnin á margan hátt, rennd, handhlaðin og gerð með blandaðri tækni. Stærstu hlutirnir eru þó byggðir upp án rennibekks."


Sýning Steinunnar er opin í Kjarvalsstöðum til 13. apríl, en hún er opin daglega nema mánudag frá kl. 16—22 og á laugardögum og sunnudögum frá 14—22.



Einn af vösum Steinunnar. Fyrirmyndin er sótt í Snæfellsjökul.

Gólfvasi.





Veggmyndir úr leir.

(Ljósmyndir Mbl. Friðþjófur)

Bíll til sölu!
Hillman árg. '69 mjög góður bíll. Uppl. í síma 81503.

Vauxhall Viva de Lux
árgerð 1974 (maí), ekin 15.000 km. Mjög hagstætt verð. Sími 85358.

Bátavél
20—30 ha. bátavél með skrúfubúnaði óskast.
Upplýsingar í síma (91)-66294 milli 18 og 20 næstu daga.

Raðhús til leigu
Nýtt raðhús á Seltjarnarnesi til leigu í 2 til 3 ár frá 1. júlí n.k. Húsið er 140 fm + 60 fm bílskúr, 3 svefnherb. Tilboð sendist Mbl. merkt: „Raðhús 7368".

Garður
Til sölu nýtt einbýlishús 134 ferm. skipti á íbúð í Hafnarfirði möguleg. Fasteignasala Vilhjálms og Guðfinns, Vatnsnesvegi 20, Keflavík símar 1263 og 2890.

Keflavík
Til sölu 3ja herb. íbúð við Faxabraut efri hæð. Fasteignasala Vilhjálms og Guðfinns Vatnesvegi 20 Keflavík, símar 1263 og 2890.

Keflavík
Til sölu parhús við Hátún, samliggjandi stofur 4 herbergi. Fasteignasala Vilhjálms og Guðfinns, Vatnesvegi 20, Keflavík, sími 1263 og 2890.

Sumarbústaðaland
Til sölu sumarbústaðaland í Grímsnesi 1 ha að stærð. Upplýsingar í síma 40851 eftir kl. 5 á daginn.

Traktor 65 hestafla 1970
til sölu. Er með ámoksturstækjum. Lítið keyrður. Verð 400.000.00. Sími 42435 eftir kl. 18.

Ford Trader dísel
vörubíll 1966 til sölu. 5 tonna með sturtum á nýjum dekkjum. Lítur mjög vel út.
Sími 42435 eftir kl. 18.

Íbúð óskast
Óska eftir að taka á leigu 2ja herb. íbúð, helzt nálægt miðborginni. Uppl. í síma 81573.

Mótatimbur
óskast til kaups. Má verða óhreinsað. Upplýsingar í síma 25193.

Mulningsvél
Vil kaupa litla mulningsvél með keflabrjót. Upplýsingar í síma 37903 kl. 12—13 og 19—21.

18 ára norskur piltur
óskar eftir atvinnu á Íslandi, helzt í Reykjavík. Talar ensku og norsku. Reynsla í eldhússtörfum, landbúnaðarstörfum o.fl.
ODDBJÖRN LADE,
6220 STRAUMGJERDE,
NORGE.

Sjómenn
Matsvein og háseta vantar á netabát, sem rær frá Þorlákshöfn.
Símar 34349 og 30505.

2ja—3ja herb. íbúð
óskast til leigu fyrir 1. september. Upplýsingar í síma 17912 milli kl. 19—20 í kvöld og næstu kvöld.

Franskar MÁLVERKAEFTIRPRENTANIR
til útsaums.
Hannyrðaverslunin Erla, Snorrabraut 44.

Til sölu
olíuketill m/brennara, dælu o.fl. Upplýsingar í síma 43643 eftir kl. 21 á kvöldin.

Landrover dísel
árg. '66 til sölu. Uppl. í síma 93-7178.

Hey til sölu
Upplýsingar í Belgsholti í Melasveit, sími 93-2111.

Iðnaðarhúsnæði
óskast til leigu. Stærð 100—150 fm.
Upplýsingar í síma 38781.

Morgunblaðið
MARGFALDAR MÖGULEIKA YÐAR

Ég þakka öllum ættingjum og vinum er sýndu mér vináttu og hlýhug á 70 ára afmæli mínu 1. apríl sl.

Haraldur Kristjánsson,
Grænuhlíð 22.

Góð bújörð

Jörðin Kirkjuból í Norðfjarðarhreppi, S-Múl. er laus til ábúðar eða sölu á næstu fardögum. Á jörðinni eru eftirtaldar byggingar: Íbúðarhús ca 80 fm, tvær hæðir. Fjós fyrir 26 gripi, hlaða (súgþurrkun) með innbyggðum votheysgeymslum og sambyggðu mjólkurhúsi og geymslu. Nýlegt rörmjaltakerfi. Fjárhús fyrir 210 fjár ásamt hlöðu (súgþurrkun)
Uppl. hjá Einari Ólafssyni sími 40382.